

Mál nr. 5/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns bifreiðarinnar A.

Krafa um bætur úr slysátryggingu ökumanns vegna umferðaróhapps 5.5.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7
2. Bréf V dags. 18.9.2016 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðarinnar A á leið frá Neskaupsstað til Fáskrúðsfjarðar og misst stjórn á bifreiðinni og hún lenti utanveggar og segist M hafa slasast og leitað til læknis síðar sama dag og slysið varð. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A og segir að þrálátir bakverkir sem hann sé haldinn séu vegna umferðaróhappsins, en fyrir það hafi hann verið við góða heilsu. Augljóst sé að orsakatengsl séu á milli slyssins og þeirra bakverkja sem hrjá M nú. V hafnar bótaskyldu og telur ekki vera orsakatengsl á milli slyssins og bakverkja M. V vísar til umsagnar læknis sem M leitaði til, en í áliti læknisins kemur fram eftirfarandi: “Hryggskekkja á líklega stærstan þátt í hans bakverkjum. Bílslysið hefur mögulega gert einkennin verri. Það er þó ekkert myndrænt að finna sem bendir til þess.” V segir að M kvarti í fyrsta sinn yfir bakverkjum 9 mánuðum eftir slysið og sé hryggskekkja þá talin aðalorsök verkja M. Af hálfu V er einnig vísað til þess að engin samtímalæknisgögn liggi fyrir í málinu sem sýni hvenær þau einkenni sem eru að hrjá M í baki hafi fyrst komið fram.

Álit.

M krefst bóta úr slysátryggingu eiganda og ökumanns bifreiðarinnar A og byggir á því að hann sé með verki í baki sem hafi komið til eða magnast vegna slyssins sem hann lenti í þ. 5.5.2014. Fyrir liggur að M hefur verið greindur með hryggskekkju og hann leitar sannanlega ekki til læknis vegna bakverkja fyrr en um 9 mánuðum eftir slysið. Þá segir í umsögn læknis sem skoðaði M og lét taka röntgenmyndir af baki hans, að bílslysið hafi mögulega gert einkenni M verri, en það sé ekkert myndrænt að finna sem bendi til þess. Ekki er heldur að finna í umsögn læknisins neina sérstaka fullyrðingu um orsakasamband milli slyss M og þeirra verkja sem eru að hrjá hann nú. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er ekki sýnt fram á orsakatengsl á milli þeirra bakverkja, sem eru að hrjá M í dag og slyssins 5.5.2014. M á því ekki rétta á bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A.

Reykjavík 14.2. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.